

**GREINARGERÐ.**

Staðsetning deiliskipulagsreitsins er Skjólshólar í sveitarfélaginu Hornafirði.

Deiliskipulagsreitirinn er tæpur hektari að stærð (9.240 m<sup>2</sup>) og afmarkast af núverandi þjóðvegi, Hafnarvegi (99) til vesturs og girðingu og skurði til norðurs og austurs, síðan lína dregin yfir ræktað land til suðurs. Ekki er til deiliskipulag af reitnum og er hann í gildandi aðalskipulagi skilgreindur sem landbúnaðarsvæði [L] en fyrir liggur breytingartillaga þar sem þessi reitur verður merktur sem afþreyingar- og ferðamannsvæði [AF].

Deiliskipulagsreitirinn er hnittsettur.

Fyrirhugað er að útbúa aðstöðu fyrir ferðafólk og koma upp allt að sjö litlum húsum til útleigu.

Samráðs- og samstarfaðilar umhverfis- og skipulagsnefndar vegna deiliskipulagsins hafa verið skipulagsráðgjafar við gerð aðalskipulags, íbúar og atvinnurekendur á svæðinu. Deiliskipulag svæðisins kallar ekki á sérstakt umhverfismat samkvæmt lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Svæðið er gróðið og engin mannvirki eru á svæðinu.

Vegagerðin heimilar tengingu við Hafnarveg (99) gegn því að ekki verði samþykktar fleiri tengingar á Hafnarvegi á milli Hringvegjar og fyrirhugaðs nýs Hringvegjar. Ef áhugi verður á frekar byggingaráformum á þessum slóðum þá verði hin nýja tengin samnýtt í þeim áformum.

Engar fornminjar eru þekktar ásvæðinu. Þar eru þó tóttir af gömlu fjárhúsi. Hafa skal í huga að ef áður óþekktar minjar koma í ljós við framkvæmdir skal fara í einu og öllu eftir 2. málsgrein 24. gr. Minjalaga nr.80/2012.


Umsagnaraðilar um deiliskipulagið eru auk bæjstjórnar, Skipulagsstofnun, Heilbrigðiseftirlit Austurlands HAUST, Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúrustofa Suðausturlands, Umhverfisstofnun, Vegagerðin og Minjastofnun Íslands.

**Markmið deiliskipulagsins.**

Markmið með deiliskipulaginu er að afmarka reit til þess að koma upp litlum húsum til útleigu ásamt aðstöðu til að þjónusta þau. Afmarkaðir eru tveir byggingareitir innan deiliskipulagsreitsins þar sem húsunum sjö verður komið fyrir og afmarkaður er sérstakur reitur þar fyrir utan þar sem sameiginleg rotþró verður staðsett og geymsluskúr fyrir áhöld sem og sorpgerði. Heimilt verður að gróðursetja tré og runna umhverfis lóðina. Skiltun skal halda í lágmarki og í anda annarra merkinga í nágrenninu.

**Gerð og staðsetning húsa á byggingareitum.**

Húsin verða á einni hæða með möguleika á svefnlofti. Hámarksstærð húsa eru 45m<sup>2</sup> auk palla. Mesta leyfilega vegghæð er 4,5m og mesta mænishæð er 6,0m miðað við hæð jarðvegs umhverfis húsið. Leitast skal við að aðlaga hús að landslagi og litir skulu dempaðir. Þakform er frjálst sem og mænissstefna. Byggingareitir eru rúmir og heimilt er að reisa fimm hús á reit 1 og tvö á reit 2. Leiðbeinandi fjarlægð á milli húsa er 10m en bygging má þéttar en gæta skal að reglum um brunvarnir og þeim fullnægð. Á uppdraetti er leiðbeinandi staðsetning húsa en endanlega verða þau staðsett í samráði við byggingarfulltrúa. Stærð og form áhaldgæmslu er eins og önnur hús ásvæðinu.



STAÐSETNING DEILISKIPULAGS Í AÐALSKIPULAGSUPPDRAETTI 2012-2030

Deiliskipulag þetta, sem kynnt og auglýst hefur verið samkvæmt 40. og 41. gr. skipulagslaga nr.123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af bæjarsjórn Hornafjarðar þann \_\_\_\_\_  
f.h. Sveitarfélagsins Hornafjarðar \_\_\_\_\_

Deiliskipulag þetta var samþykkt í skipulagsnefnd \_\_\_\_\_ og í bæjarsjórn \_\_\_\_\_  
Tillagan var auglýst frá \_\_\_\_\_ með athugasemdafresti til \_\_\_\_\_  
Auglýsing um gálistöðu deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_

- DEILISKIPULAGSMÖRK
- BYGGINGAREITUR
- NÚVERANDI HÚS
- LEIKSVÆÐI
- HEKK, SKJÓLBELTI
- BÍLASTÆÐI
- VEGHELGUNARLÍNA 30m FRÁ MIDLÍNU VEGAR
- LEIÐBEINANDI STAÐSETNING HÚSA INNAN BYGGINGAREITS.

HNITASKRÁ		
1.	X=684620.5934	Y=425890.1785
2.	X=684682.4511	Y=425861.9227
3.	X=684712.0763	Y=425852.2944
4.	X=684727.3888	Y=425834.6172
5.	X=684742.5301	Y=425802.5883
6.	X=684620.4057	Y=425788.9248
7.	X=684593.4174	Y=425834.8448



ASK ARKITEKTAR EHF.  
GEIRSDÓTU 9 101 REYKJANÍK  
SMÍ 515 0300 FAX 515 0319  
www.ask.is



VERKEFNI	SKJÓLSHÓLAR SVEITARFÉLAGIÐ HORNAFIRDI
TEIÐINGAR	DEILISKIPULAGSUPPDRATTUR
HEITINGAR	DEILISKIPULAG OG GREINARGERÐ
VIÐT. NÚM.	1721
AUDREKNI- NÚMÉR TEIÐINGAR	05-01
SKALA	1:500
MANNA	GBB
TEKNI	ASK
YFIR.	ASK
DAÐS.	04.10.2017
STAFNA	B

© ÖLL AFRIT OG AFRITUN TEIÐINGAR ER HÁÐ SAMBYRRIASK ARKITEKTA, EKKI SKAL MELA UPP AF TEIÐINGUL.